

## Vel heppnuð skíðaferð



Töluverð vakning hefur orðið meðal skíða-áhugafólks innan skólans og undanfarin ár hefur Íþróttanefnd staðið fyrir vel heppnuðum skíðaferðum. Þessar ferðir hafa tekist mjög vel og svo var einnig með þá ferð sem farin var til Akureyrar um síðustu helgi í blíðskaparveðri. Alls fóru 88 nemendur í ferðina ásamt tveimur starfsmönnum og var gisti í KA heimilinu. Ferðin tókst á allan hátt mjög vel og fengu nemendur okkar hrós í hvívetna fyrir umgengni, frágang og almenn skemmtilegheit. Skólastjóri mun því niðurgreiða ferðina um 1.000.- fyrir

hvern nemanda eftir ferðina þar sem ferðin gekk óaðfinnanlega.

## Miðannarmat

Kennarar skólans hafa nú lokið við að gefa nemendum skólans miðannarmat. Niðurstöðurnar eru aðgengilegar nemendum á INNU og þar geta einnig foreldrar og forráðamenn ólöggráða nemenda nálgast þær. Við minnum á að löggráða nemendur geta sjálfir opnað fyrir foreldraaðganginn í

INNU. Á næstu vikum munu námsráðgjafar hafa samband við þá nemendur sem ekki komu vel út og ræða við þá um ýmsa möguleika varðandi námstækni og hvetja til jákvæðra breytinga á námsvenjum.

## Miðannarball

Nemendafélagið stendur fyrir dansleik í kvöld, 8. mars. Ballið verður í Hörpunni að þessu sinni en það húsnæði hentar okkur vel. Við beinum þeim tilmælum til foreldra og forráðamanna að leyfa hvorki eftirlitslaus parti né meðferð áfengis. Til þess að forðast allan troðning fyrir utan staðinn eiga nemendur að mæta skv. eftirfarandi tímatoflu:

1. ár mætir milli 21:30-21:50 og blæs í áfengismæli.
4. bekkur mætir milli 21:50-22:10
5. bekkur mætir milli 22:10-22:30
6. bekkur mætir milli 22:30-22:50

Húsinu verður lokað stundvíslega klukkan 23:00 og ballinu lýkur klukkan 01:00.

Edrúppotturinn verður á sínum stað og mjög veglegur að vanda. Vinningar dreifast jafnt á alla árganga og því aukast líkur þeirra sem eldri eru.

Til þess að lengja aðeins nætursvefninn verður stuðst við hraðatöflu eftir dansleik. Þá verða þrjár fyrstu tímar fyrir hádegi styttri um 15 mín. hver og hringt inn í fyrsta tíma klukkan 9:00.

## Kosningar í nemendafélaginu

Í nýrri aðalnámskrá framhaldsskólanna segir að lýðræði í sinni víðustu mynd eigi að vera einn af grunnþáttum skólastarfs sérhvers framhaldsskóla. Í því felst meðal annars að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta er mjög mikilvægt hlutverk enda skiptir miklu að einstaklingur sé virkur í samfélaginu og hafi vilja til þess að nýta sér þau áhrif sem hann getur haft á ákvarðanir sem teknar eru um hans eigið líf, líf annarra og umhverfið.

Lýðræði er vissulega til umfjöllunar í námsefni skólans en líklegast fá nemendur hvergi betra tækifæri til þess að taka þátt í beinu lýðræði en í kosningum til embætta innan nemendafélagsins. Vikuna 14. til 18.

mars fara fram kosningar innan NFVÍ og þá þurfa nemendur að taka gagnrýna og ígrundaða afstöðu til sammemenda sinna sem eru í framboði og málefna sem varða nánustu framtíð þeirra í félagslífinu. Félagslíf hvers árs ræðst að miklu leyti af því að frambærilegir einstaklingar af báðum kynjum veljist til forystu. Einhverra hluta vegna hafa piltar verið meira áberandi í stjórn og nefndum undanfarin ár en það er að hluta til vegna þess að þeir eru viljugri til þess að bjóða sig fram. Það er því full ástæða til þess að hvetja stúlkur til að sækjast eftir frekari þátttöku í stjórn og nefndum nemendafélagsins með því að bjóða fram krafta sína.

## Dagsetningar sem skipta máli

Próftafla vorannar er komin á heimasíðuna og þar má einnig finna próftöflu [fjarnámsins](#).

Línurnar hafa nú verið lagðar fyrir næsta skólaár og mun skóladagatal næsta árs verða aðgengilegt á heimasíðu skólans innan tíðar. Helstu dagsetningar sem vert er að hafa í huga eru eftirfarandi:

- Skólinn verður settur fimmtudaginn 18. ágúst.
- Haustfríið verður 21. og 24. október.
- Sjúkraprófsdagur haustannar er áætlaður 16. desember
- Einkunnir birtast nemendum 20. desember og þann dag verður jafnframt prófsýning.

## Ný heimasíða

Ný heimasíða var tekin í notkun fyrir stuttu. Farið var í endurskipulagningu á öllu efni og nú finna t.d. foreldrar helstu upplýsingar sem þeim tengjast undir þjónustu. Meginbreytingin felst þó í að heimasíðan lagar sig að helstu snjalltækjum og er nú mun þægilegra að skoða hana í smærri snjalltækjum eins og sínum.

## Ferðir sem eru ekki á vegum skólans

Um þetta leyti árs er vinsælt hjá nemendum að fara ferðir í stærri og smærri hópum, t.d. í sumarbústaði, og tengja þær gjarnan við félagslífið með einum eða öðrum hætti. Því vill skólinn koma eftirfarandi á framfæri:

Engir starfsmenn skólans eru með í slíkum ferðum enda eru þær á engan hátt á vegum skólans. Skólinn vill jafnframt benda foreldrum og forráðamönnum á að engar fleiri ferðir eru fyrirhugaðar innanlands á vegum skólans á þessu skólaári.

Foreldrar og forráðamenn nemenda á 1. ári og í 4. bekk geta merkt eftirlitslausar ferðir frá öðrum á því að skólinn fer ætíð fram á skriflegt samþykki foreldra.